

Stjórnarfundur SOS

Staður: Félagsheimilið á Flúðum

Dagsetning og tími: 18. maí 2021 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Ingibjörg Kjartansdóttir stjórnarmaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson (GHH) ritari stjórnar og Anton Kári Halldórsson (AKH). Þá mættu Stefán Gíslason (SG) frá Environice og Bjarni Guðmundsson SASS.

1. Samstarfsvettvangur sorpsamlaga á Suðvesturhorninu

Lögð fram fundargerð samstarfsvettvangs sorpsamlaga á Suðvesturhorninu frá 12. maí s.l. Stjórn SOS samþykkir þátttöku í sameiginlegri vinnu við fýsileikakönnun vegna Sorpbrennslustöðvar á landsvísu. Mikilvægt er að allir fletir séu rýndir og áætlað að fyrstu niðurstöður liggi fyrir næsta haust.

2. Drög að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032

Lögð fram drög að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Stefnt er að umhverfismati í sumar þannig að afgreiða megi áætlunina í desember næstkomandi. Stjórn SOS felur formanni, ásamt Stefáni Gíslasyni, að rýna drögin frekar og koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við áætlunina.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs o.fl.

Lögð fram til kynningar ásamt umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

4. Hreinsitækni: Staða mála varðandi förgun úrgangs í Árnassýslu.

Lagt fram erindi frá Hreinstækni varðandi mögulegar lausir á afsetningu á úrgangi úr fitugildrum o.fl. Mikilvægt er að lausnir finnist til að taka við úrgangi úr fitu-, sand-, og olúgildrum á starfssvæði SOS. Formanni falið að kanna hugsanlega farvegi.

5. Árborg/UMFS: Aðstaða fyrir akstursíþróttir í Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi.

Stjórn SOS hefur mikinn áhuga á að landeign SOS í Ölfusi nýtist til verðmætasköpunar. Í því tilliti koma ýmsir kostir til álita og hugsanleg aðstaða fyrir akstursíþróttir ekki útilokuð. Varaformanni, AKH, er falið að ræða við Sveitarfélagið Ölfus og Umhverfisstofnun um hugsanlega möguleika til nýtingar jarðarinnar.

6. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

Stefán Gíslason gerir grein fyrir stöðu mála.

7. Skoðunarferð á Seyrustaði á Flúðum

Stjórn SOS fór í skoðunarferð á Seyrustaði á Flúðum þar sem sveitarfélögin Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur,

Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Ásahreppur hafa komið sér upp aðstöðu til að hreinsa og verka seyru úr rotþróum.

Gert er ráð fyrir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 22. júní næstkomandi klukkan 15:00 hjá SASS á Selfossi.

Fundi slitið klukkan 18:00